



SAMKEPPNISEFTIRLITIÐ

Mánudagurinn 8. október 2010

Ákvörðun nr. 28/2010

Samruni Kynnisferða ehf. og S.B.K. ehf.

1.

Af tilefni fréttar sem birtust í fjölmiðlum þann 4. maí 2010 óskaði Samkeppniseftirlitið með bréfi sama dag eftir upplýsingum um kaup Kynnisferða ehf. á 100% eignarhlut í S.B.K. ehf. Eftirlitinu barst svarbréf Lex lögmannstofu þann 20. s.m. þar sem fram kom sú afstaða félaganna að viðskiptin heyrðu ekki undir sérreglur 17. gr. samkeppnislaga þar sem félögin uppfylltu ekki tekjuviðmiðun ákvæðisins. Í kjölfarið óskaði Samkeppniseftirlitið eftir formlegri samrunatilkynningu með stoð í 3. mgr. 17. gr. b laganna. Barst hún með bréfi, dags. 16. júní sl. og miðaði framsetning hennar við viðauka í reglum nr. 930/2001 um tilkynningu samruna. Bréfinu fylgdu samningar um kaup Kynnisferða á S.B.K. annars vegar við Sérleyfisbíla Akureyrar-Norðurleið hf., ódagsettur, og hins vegar við Sigurð Steindórsson og Ólaf Guðbergsson, dags. 27. apríl 2010, auk ársreikninga samrunaaðila og dótturfélaga þeirra, Austur-Vestur ehf., Flybus ehf. og Umferðamiðstöðvarinnar ehf., fyrir árin 2008 og 2009 þar sem m.a. er að finna upplýsingar um veltu þeirra.

Með bréfi, dags. 21. júlí 2010, tilkynnti Samkeppniseftirlitið málsaðilum að eftirlitið teldi ástæðu til frekari rannsóknar á samkeppnislegum áhrifum samrunans, sbr. 1. mgr. 17. gr. d samkeppnislaga. Upphaf 70 virkra daga frests Samkeppniseftirlitsins til að taka afstöðu til samrunans miðast því við þann dag, sbr. sama lagaákvæði.

Samkeppniseftirlitið óskaði eftir frekari upplýsingum og gögnum frá málsaðilum, sbr. bréf Samkeppniseftirlitsins dags. 16. ágúst og 1. september sl. Þá leitaði Samkeppniseftirlitið fanga hjá hópferðaleyfishöfum víðsvegar um landið í því skyni að meta stærð þess markaðar sem samrunafélagin starfa á og fyrirsjáanleg áhrif samrunans á hann.

2.

Í tilkynningunni kemur fram að meginstarfsemi beggja samrunaaðila felist í að reka alhliða þjónustu fólksflutningabifreiða. Enn fremur segir í tilkynningu að Kynnisferðir sérhæfi sig í skipulagningu dagsferða frá Reykjavík fyrir erlenda ferðamenn samhliða því að sjá um áætlunarakstur á milli Reykjavíkur og Keflavíkurflugvallar. Meginstarfsemi S.B.K. aftur á móti felist í rekstri strætisvagna og áætlunarbíla í Reykjanesbæ. Hafa samrunaaðilar bent á að eftirspurnarstaðgöngu sé ekki fyrir að fara millum félaganna enda sé starfsemi S.B.K. staðbundin að mestu og sniðin að áætlunarakstri og félagið hafi ekki burði til þess að keppa á dagsferðamarkaði. Aukin heldur hafi S.B.K. séð um akstur á sérleyfisleiðum Kynnisferða í verktöku.



Þess ber að nefna að SBK var áður í 100% eigu Kynnisferða og var sá samruni tilkynntur Samkeppniseftirlitinu árið 2005. Þá taldi eftirlitið ekki ástæðu til aðgerða. Síðan þá hafa aðrir keppinautar aukið markaðshlutdeild sína á viðkomandi markaði eftir því sem athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós.

Í samrunatilkynningu er aðdraganda samrunans lýst svo að S.B.K. hafi búið við bága fjárhagsstöðu og framtíðarhorfur félagsins hafi verið miður góðar. Því hafi eigendur félagsins boðið Kynnisferðum að kaupa félagið í heild sinni sem og hafi orðið niðurstaðan. Markmið samrunans sé því fyrst og fremst að ná fram hagkvæmni í rekstri. Þó sé ekki fyrirhugað að félögin renni saman í eina lögpersónu heldur standi til að reka S.B.K. óbreytt áfram sem dótturfélag Kynnisferða.

Með bréfi, dags. 1. september sl., óskaði Samkeppniseftirlitið eftir nánari skýringum annars vegar um hagræðingu í rekstri félaganna er lýtur að sérleyfis- og áætlunarakstri og hins vegar um áform samrunafélaganna er varða þennan akstur. Í svarbréfi Lex, f.h. samrunaaðila, dags. 22. september sl., segir að engin samnýting eða hagræðing sé komin til framkvæmda hvað varðar sérleyfisakstur félaganna að svo stöddu máli. Enn fremur segir í bréfinu að félögin hafi engin áform er varði akstur sérleyfa eða annan áætlunarakstur fyrir sveitarfélög enda gildi þau eingöngu til 31. desember nk. og því alls óvíst hvert fyrirkomulag þeirra verði á næsta ári.

3.

Með vísan til 1. mgr. 17. gr. c samkeppnislaga hefur verið lagt mat á hvort samruninn hindri virka samkeppni með því að markaðsráðandi staða verði til eða að slík staða styrkist. Athugun Samkeppniseftirlitsins hefur leitt í ljós að ekki sé ástæða til að aðhafast vegna samruna Kynnisferða og SBK á grundvelli 17. gr. c samkeppnislaga.

Ákvörðunarorð:

„Samkeppniseftirlitið telur að ekki sé ástæða til að aðhafast frekar vegna kaupa Kynnisferða ehf. á 100% eignarhlut í S.B.K. ehf.“

Virðingarfyllst,
Samkeppniseftirlitið

Páll Gunnar Pálsson